

Ljóðasetur Íslands  
Túngötu 5 Siglufirði  
Kt: 440209 - 0170



## Viljayfirlýsing um samstarf


### Ljóðasetur Íslands og Menntaskólinn á Tröllaskaga

Með undirritun þessarar yfirlýsingar lýsa forstöðumenn Ljóðaseturs Íslands og Menntaskólans á Tröllaskaga yfir vilja til samstarfs. Samstarfið getur falist í ýmsum þáttum og má þar m.a. nefna:


- a) Heimsóknum nemenda MTR í Ljóðasetur Íslands þar sem þeir munu njóta leiðsagnar um setrið og fá fræðslu um íslenska ljóðlist.
- b) Heimsóknum ljóðskálda á vegum Ljóðaseturs Íslands í MTR, þar sem skáldin gætu t.d. lesið úr verkum sínum, rætt við nemendur um verkin og um ljóðlist almennt.
- c) Sérfræðiráðgjöf til kennara skólans varðandi íslenska ljóðlist.
- d) Námskeið í skapandi skrifum og ljóðlist t.d. 2 eininga námskeið í miðannarviku.
- e) Aðgengi kennara skólans að gögnum Ljóðaseturs um íslenska ljóðlist og ljóðabókasafni setursins.
- f) Upplestrum nemenda skólans á Ljóðasetri Íslands t.d. með þátttöku í ljóðakvöldum og árlegri ljóðahátíð eða með sérstakri dagskrá frá skólanum þegar það hentar.
- g) Sýningu á fágætum ljóðabókum og öðrum gögnum setursins í MTR.
- h) Öðru sem fulltrúum samstarfsaðilanna kemur saman um að framkvæma.

Forstöðumenn stofnananna gera með sér samstarfssamning um hvert ofantalinna verkefna, eða önnur, sem ákveðið er að hafa samstarf um. Í þeim samningi er gerð grein fyrir ábyrgð og kostnaði hvors aðila við viðkomandi verkefni.

Fjallabyggð, 23. nóvember 2017

  
Þórarinn Hannesson

Forstöðumaður Ljóðaseturs Íslands

  
Lara Stefánsdóttir  


Skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga